

Norðfirðingur



I. tbl. 40 árg

www.nordfirdingafelagid.is

2014

Munið !

Aðalfundur og sólarkaffi

26. janúar
kl. 14.00
í Fella- og Hóla-
kirkju
Porrablót

8. febrúar

Laugardagskaffi
Fyrsta laugardag í í
mánuði er laugardagskaffi
á Kaffitár í Kringlunni í

Menningarkvöld

Menningarkvöld félagsins var haldið miðvikudagskvöldið 20. nóvember og sem fyrr var dagskráin vegleg.

Bjarki Bjarnason kom og sagði frá tilurð bókar sinnar: "Sérðu harm minn sumarnótt" sem gerist að langmestu leiti í Norðfjarðarsveit og Neskaupstað. Sögutími bókarinnar er fyrri hluti 20. aldar og segir hann sögu afa síns og ömmu og einnig frá bernsku móður sinnar sem fædd var á Kirkjubóli árið 1921. Bjarki las upp kafla úr bókinni um Jósep og Ragnhildi í Fannardal og var með myndasýningu í bakgrunni með myndum úr bókinni. Einnig var bókin seld á staðnum. Þetta var skemmtileg frásögn og gaman að heyrna hann segja frá.

Doddi á Skorrastað (Þórður Júlíusson) og kona hans Theodóra I. Alfreðsdóttir komu að heiman og kynntu fyrirtæki sitt, Skorrahesta, en það er fyrirtæki sem þau hafa byggt upp á undanförunum árum. Þau sýndu svipmyndir frá hestaferðum sem þau hafa verið með og eins og við mátti búast fylgdu hverri mynd sögur þar sem Doddi sagði á skemmtilegan hátt frá uppkomum sem gerðust í

ferðunum og var kynningin hin besta skemmtun auk þess sem fróðleiksmolar fengu að fljóta með um myndefnið. Myndir sem þau sýndu samhliða kynningunni voru teknar víða af svæðinu kringum Norðfjörðinn og sýndi enn og aftur hversu fallett þetta svæði er.

Félagið varð í öðru sæti í spurningakeppni áttthagafélaganna á síðasta ári og sem þakk-lætisvott fyrir frábæra frammistöðu færði félagið keppnisliði okkar blómvönd. Við stefnum að enn betri árangri í keppni þessa árs og mun keppnin hefjast í febrúar og verður nánar auglýst síðar á vef vélagsins sem og facebókinni.

Tónlistaratriði kvöldsins var flutt af nemendum Söngskólans í Reykjavík og kynnti Norðfirðingurinn Ásrún Davíðsdóttir söngkona og aðstoðarskólástjóri við skólann söngkonuna Kristínu Einarsdóttir Mäntylä til leiks. Kristín hafði fyrir þennan dag lokið brottfararprófi við skólann og söng hún fyrir okkur 3 lög við undirleik Hólmfríðar Sigurðardóttur píanóleikara, sem jafnframt er kennari við Söngskólann. Var flutningur þeirra vægast sagt stórkostlegur og það er öruggt að þarna var á ferðinni ein af okkar framtíðarstjörnum í söng.

Á menningarkvöldinu færði Þórunn Jónsdóttir (sjá bls. 3) félaginu forlata útskorna dagbók og að því loknu lauk samkomunni með því að allir stóðu á fætur og sungu saman lag Inga T. Lárussonar, Ó blessuð vertu sumarsól. Félagið þakkar öllum þeim sem fram komu fyrir þeirra framlag sem gerði menningarkvöldið að stórkostlegri skemmtun.

Fleiri myndir frá Menningarkvöldi Norðfirðingafélagsins 2013. á bls 2



Bjarki Bjarnason, forsiða bókar hans hér fyrir neðan.

Ný bók frá Ósinnunga

Sérðu harm minn, sumarnótt? er upptökmynd þáttar Bjarka Bjarnasonar þar sem hann fer ljóðanna sína á málrum skáldskapar og sagðarinn.

Sögutími er Austfirir á fyrri hluta síðasta aldar.

Rólfur er í sinni áttarsaga og saga íslensku þjóðartexta á miklum umferðastíðum, þegar heimskreppa, hernám og lírar takalífsmálar settu stærkan seyi í daglegt líf þjóða.

Melur söguþrána eru bókni sem hæfist við lesniðna, hildreyja sem hlóðrar rættir og skáldstema sem sliðrar breytisvörðrykja með magalíli víni.

Margar áhr stútar ljóðmyndir þrjú þá bókina.



Þórður Júlíusson og Theodóra Alfreðsdóttir.

Aðalfundur og sólarkaffi

Þann 26. janúar n.k verður haldinn Aðalfundur og Sólarkaffi Norðfirðingafélagsins í Fella- og Hólakirkju, kl. 14.00. Athugið að dagsetning á dagatali félagsins 2014 er röng.

Aðalfundur

1. Setning og kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur
4. Samþykktir félagsins
5. Önnur mál

Sólarkaffi

Hefst strax að loknum aðalfundi. Félagsmenn eru hvattir til að koma með bakkelsi. Aðgangeyri er kr 1000 en ókeypis fyrir þá sem koma með veitingar. Nánari upplýsingar gefur Guðrún K. Einarsdóttir.



Frá vinstri: Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari, Ásrún Davíðsdóttir og Kristín Einarsdóttir Mäntylä. Efst til vinstri má sjá Dodda á Skorrastað í miklum ham við að stjórna hópsöng.

Kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju

Þann 20. desember 2013 var haldin í Fella- og Hólakirkju hin árlega kyrrðarstund Norðfirðingafélagsins undir stjórn Sr. Svavars Stefánssonar. Séra Svavar flutti hugvekju og ylja jafnan hans hlýju orð. Tónlistarariði að þessu sinni flutti María Jónsdóttir en hún er barnabarn Ollu Árna Dan.

María flutti okkur tvö lög og athöfninni í kirkjunni lauk með því að gestir sungu saman Heims um ból. Gestum var síðan boðið upp á kaffi og konfekt í boði Freyju.

Þessi fallega athöfn er mikilvægur þáttur í reglulegri starfsemi Norðfirðingafélagsins og þakkar félagið Mariu, séra Svavari og öllum sem komu kærlega fyrir yndislega samverustund.



Séra Svavar Stefánsson

María Jónsdóttir

Gjöf til félagsins

Á menningarkvöldinu 2013 færði Þórunn Jónsdóttir (Jóns Péturssonar) félaginu góða gjöf. Gjöfin er haglega útskorin gestabók sem Þórunn skar út sjálf. Myndin er merki Norðfirðingafélagsins, mynd af víkingaskipi sem siglir seglum þöndum. Við kunnum Þórunni bestu þakkir fyrir þann hug sem hún sýnir félaginu okkar með þessu og bókin kemur sannarlega í góðar þarfir.



Frá afhendingu gestabókarinnar. Þórunn Jónsdóttir ásamt Kristjáni T. Högnasyni og Guðrúnu K. Einarsdóttur.

Porrablót Norðfirðingafélagsins

Verður haldið laugardaginn 8. febrúar í félagsheimilinu Hlégarði Mosfellsbæ og opnar húsið kl 19:30.

Miðaverð: 6.300 kr.

Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og verður meðal annars flutt minni karla og kvenna, fjöldasöngur, gamanvísur auk þess sem við fáum skemmtiatriði að austan.

Að loknu borðhaldi verður stígninn dans.

Miðasala verður á Sólarkaffi og Aðalfundi sunnudaginn 26. janúar og í gegn um netfangið: nobbarar@gmail.com

Ef hópar vilja sitja saman þá vinsamlegast sendið tölvupóst með nafnalista á nobbarar@gmail.com og látið vita þannig að hægt verði að verða við óskum um sætaskipan.

Hægt er að kaupa miða með því að greiða fyrir þá á reikning félagsins og skal þá einnig senda tölvupóst á fyrrgreint netfang.

Spurningakeppni áttahagafélaganna

Eins og fram kemur á síðu 1 stóðu fulltrúar Norðfirðingafélagsins sig frábærlega í spurningakeppni síðasta ár. Félagið mun taka þátt í vetur en ekki er enn búið að ákveða fyrirkomulag keppinnar og dagsetningar. Félagið gerir ráð fyrir sama liði og í fyrra og munu Vilmundur Tryggvason og Gísli Gíslason verða umsjónarmenn með keppninni fyrir hönd okkar félags. Þetta verður nánar auglýst á heimasíðu félagsins og á facebookarsíðu keppinnar sem heitir Spurningakeppni áttahagafélaganna.



Útgefandi:

Norðfirðingafélagið
www.nordfirdingafelagid.is.
Hulduhlíð 24. 270 Mosfellsbæ

Stjórn:

Guðrún K Elnarsd. 6945421

Kristján T Högnason

Sigurður Þorbergsson
6598634

Vildís Björgvinsdóttir

Þorsteinn Sigurðsson:
8221709

Vilmundur Tryggvason:
8498910

Írís Másdóttir: 8673278

Jón Karlsson: 8966378

Birna Hilmarsdóttir: 8628510

Gunnar K. Guðmundsson:
8674177

Dagatalið 2014

Dagatal Norðfirðingafélagsins var sent út í pósti til allra félagsmanna og í framhaldinu var öllum sendur giróseðill. Jafnframt sáu nemendur úr Nesskóla um að selja það í heimabyggð. Viðtökur hafa verið mjög góðar.

Enn er hægt að kaupa dagatalið. Á Norðfirði fæst það í Blómabúðinni Laufskálanum og Hársnyrtistofu Maríu. Hér á höfuðborgarsvæðinu er hægt að fá auka eintök hjá Sigurði Þorbergssyni, síma 6598634 og Guðrúnu K. Einarsdóttur gunnastina@gmail.com